

Breyting á aðalskipulagi
Þéttbýlismörk

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt á eftirfarandi hátt: Þéttbýlismörkum er breytt þannig að þau fylgja sveitarfélagamörkum í austri og suðri, í vestri mörkum hverfisverndarsvæðis sunnan Glerár og efri mörkum svæðis á náttúruminjaskrá (Glerárgili). Norðan Glerár fylgja mörkin fjallgirðingu norður fyrir Hlíðarfjallsveg en þaðan verða þau skammt ofan landnotkunarreita að sveitarfélagamörkum í norðri og fylgja þeim til sjávar.

Breytingin felur í sér að þéttbýlismörk ofan byggðar á Akureyri, verða færð ofar þannig að meginhluti landnotkunarreita verði innan þeirra. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, hverfisverndarsvæði á Glerárdal og vatnsverndarsvæði verða utan þéttbýlismarka.

Tilgangurinn með breytingunni er tvíþættur:

- Að skilja betur á milli þéttbýlisuppdráttar og sveitarfélagsuppdráttar til þess að komast hjá tvítekningu skipulagsákvæða og landnotkunarreita.
- Að helstu framkvæmdasvæði í bæjarlandinu verði innan þéttbýlismarka.

Vegna umfangs breytingarinnar er hún ekki sett fram á hefðbundinu breytingarblaði heldur á endurskoðuðum heildarupprátttum, þéttbýlisuppdrætti í blaðstærð A0 í stað A1 áður og sveitarfélagsuppdrætti. Gildandi uppdrættir eru hafðir til samanburðar.

Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á texta greinargerðar.

Breyting á þéttbýlisuppdrætti

Þéttbýlismörkum er breytt í samræmi við lýsingu hér að framan. Utan þeirra er einungis sýnt grunnkort og sveitarfélagamörk.

Breyting á sveitarfélagsuppdrætti

Þéttbýlismörkum er breytt í samræmi við lýsingu hér að framan. Þéttbýli er sýnt sem rauður flötur.

Áhrifamat

Breytingin á einungis við um framsetningu aðalskipulagsins. Engar efnislegar breytingar eru gerðar á skipulaginu. Breytingin hefur því engin áhrif á umhverfið eða hagsmuni íbúa, fyrirtækja eða annarra hugsanlegra hagsmunaaðila.

Skýringar

- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- Óbyggð svæði og almenn útivistarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Verndarsvæði (hverfisvernd)
- Vatnsverndarsvæði :
  - fjarsvæði
  - grannsvæði
  - brunnsvæði
- Stofnlögn vatnsveitu
- Flutningslínur raforku:
  - Loftlínur
  - Jarðstrengir
- Tengibraut
- Takmörkun umferðar vélknúinna farartækja
- Gönguleiðir, ekki til staðfestingar.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. og 1. mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar

þann _____

_____
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann _____

_____ _____

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018
SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR

BREYTING - ÞÉTTBÝLISMÖRK

Tækni- og umhverfissvið Akureyrarbæjar

Mælikvarði 1:30.000

Dags. 12.9.2012

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI VÍÐIHLÍÐ 5 602 AKUREYRI SÍMI 461 5008 NETFANG: arki@teiknis.is
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK SÍMI 552 8140 VEFFANG: www.teiknis.is

SKIPULAGSGÖGN v/BREYTINGAR
Sveitarfélagsuppdráttur dags. 21.6.2012
Þéttbýlisuppdráttur dags. 21.6.2012

GRUNNKORT:
Landfræðigrunur Íslands, kort 1916 II
Umhverfissvið Akureyrarbæjar